

4. Bréf til Alþingis og bankastjórnar
Landsbankans um aukningu á mæstalnings-
fé féhirða. Samið af A.J. Johnson
en að líkindum aldrei sent.
-

Hér með leyfum mér einn að senda þinni

hittvita bankastjórn meðfylgjandi bréfi, sem var höfðun

í byggju að senda Alþingi, með ösk um að hún í sínu og ann-

an hitti styðji þessa málaleitna, sem verður vaxandi að banka-

stjórnina sjálf að er á fylstu rökun byggð

Reykjavík, mars 1921.

Virðingarfyllt

2.

Hér með leyfum vér oss að senda hinna
háttvirtu bankastjórn meðfylgjandi erindi, sem vér höfum
í hyggju að senda Alþingi, með ósk um að hún á einn og ann-
an hátt styðji þessa málaleitun, sem vér væntum að banka-
stjórnin sjái að er á fylstu rökum byggð.

Reykjavík, marz 1921.

Virðingarfyllst

Til

b a n k a s t j ó r n a r L a n d s b a n k a n s .

Bréfið þetta sendi J. G. Johnson, og var það víst aldri sent him hár Alþingi, né
heldur með. Bréf til bankastjórnarinnar.

Vér undirritaðir, sem gegnum gjaldkerastörfum við Landsbankann, leyfum oss með bréfi þessu að fara þess á leit við hía Alþingi, að það hækki fé það sem gjaldkerum Landsbankans er ætlað fyrir mistalningu, og ábyrgð á sjóði bankans, úr 1000 krónum upp í 5000 krónur til hvors á ári.

Þessa málaleitun vora viljum vér rökstyðja með eftirfylgjandi:

Samkvæmt lögum samþykktum á Alþingi 27. ágúst 1919 er gengu í gildi 1. jan. 1920, eru árslaun annars gjaldkerans ákveðin 5000 kr. en hins 4000 kr. og auk þess 1000 kr. á ári til hvors í mistalningarfé. Þegar þetta var ákveðið voru þessi laun 1-2000 kr. hærrí en hæstu laun er bankinn greiddi öðrum starfsmönnum sínum, að yfirbókara einum undanteknum, sem virðist líka vera sjálfsagt, þegar tillit er tekið til þeirrar afarmiklu peningaábyrgðar sem þessir menn hafa umfram alla aðra starfsmenn bankans, því eins og kunnugt er, eru gjaldkerarnir einu starfsmenn bankans sem bera fjárhagslega ábyrgð á honum. Auk þess er þetta starf meira þreytandi og ófrjálsara en nokkurt annað starf við bankann. Getum vér getið þess í þessu sambandi, að vér erum einu starfsmenn bankans sem aldrei getum farið heim til máltíða.

Nú orðið hafa sumir starfsmenn bankans að dýrtíðaruppbót meðtalinni sömu laun og annar okkar, og að eins rúmum 6 krónum lægri en hinn, því eins og kunnugt er, er hámark launa og dýrtíðaruppbóta takmarkað við kr. 9500.00.

Vér eigum því samkvæmt gildandi lögum, að hafa einar 1000 kr. á ári fram yfir suma starfsmenn bankans fyrir að bera fjárhagslega ábyrgð í raun og veru á allri umsetningu hans sem árið 1919 var 457½ miljón króna og sem búast má við að hækki ár frá ári.

Vér skulum taka það hér fram, að vér berum ekki að eins fjárhagslega ábyrgð á öllum peningum, ávísunum, víxlum og öðrum verðmætum skjölum er fara í gegnum hendur vorar, heldur berum vér einnig fjárhagslega ábyrgð á öllu bókhaldi bankans, þannig: að gjöri bókhaldið eigi rétt, t.d. færi til reiknings einhverja færslu (ávísun, víxil, úttekt úr sparisjóði o.s.frv.) með lægri tölum en rétt er, eða snúi við tölum, mislesi tölur, eða færi það út sem inn á að vera, þá kemur það niður á sjóðnum, en honum ber að skila á hverju kvöldi eins og bækurnar sýna að hann eigi að vera, hvort sem þær eru réttar eða rangar, og reynslan hefur sýnt að um það er ómögulegt að vita, því sumar áminningar skekkjast hafa alloft fundist í bókuunum eftirlangan tíma. Og fyrir alla þessa ábyrgð sem nú hefur talin verið eru oss ætlaðar einar 1000 kr. hvorum á ári. Hér við bætist svo einnig það, að ef vér verðum veikir eða þurfa að fara eitthvað í burtu, þó eigi sé nema í sumarfrí, verðum vér að starfið í hendur óvönnum mönnum og bera fjárhagslega ábyrgð á því að þessi geri rétt.

Þar sem jafnmikil peningatalning er, eins og í Landsbanka ákvarðanum er nú orðið, og jafnmikil ös er oft og tíðum - eins og best sést á því að marga daga ársins höfum vér haft um og yfir 300 afgreiðslur á dag, hvor, fyrir utan allar skiftingar (býtti) á peningum sem nema svo tugum skiftir á dag, og hafa aukist stórkostlega síðan einnar-krónu seðlarnir voru gefnir út, og býttingar eru hverjum gjaldkera mjög hægilegar samhliða annari afgreiðslu einkum í ös - þá getur gjaldkeri einn vel tapað 1000 kr. í einu, eins og 100-10 eða 5 kr., ef honum vill þetta óhapp til að hugsun hans truflast, eða er trufluð af öðrum eins og oft sér stað, því iðulega ber það við, að fleiri en einn kalla á, eða eru að tala við gjaldkerana í einu, og er þá oft látið skeytt um hvernig stendur á fyrir þeim, þó að þeir á sama tíma verði að hafa hugann ríðandi.

2.
bundinn við allt annað, Mistalningarféð 1000 kr. sem ætlað er yfir árið getur því hæglega tapast á einum degi, enda hefur það komið fyrir hjá flestum gjaldkerum sem mikið fé telja.

Til samanburðar má geta þess, að hafnargjaldkera og bæjar- gjaldkera hér í Reykjavík, eru ætlaðar 1000 kr. hvorum á ári í mistalningarfé, og er ársumsetning bæjarsjóðs og hafnarsjóðs samanlögð þó ekki nema hérumbil 7-8 miljónir króna í mesta lagi. Það segir sig því sjálf, hve gífurlegur mismunur er á peningaábyrgð þessara gjaldkera á móts við gjaldkera Landsbankans, og þó er þeim ætlað sama mistalningarfé.

Að síðustu skulum vér geta þess, að vér skulum gefa einstökum þingmönnum eða nefnd úr þinginu, munnlega ýmsar upplýsingar þessu máli viðvíkjandi, sem vér getum eigi tilgreint hér nema í oflöngu máli.

Vér væntum fastlega, að hið háa Alþingi sjái af framsögðu að þessi málaleitun vor er á fylstu rökum byggð, og vér vonum þar af leiðandi að það taki henni vel, og veiti stjórn Landsbankans heimild til að veita oss umbeðna upphæð í fjárlögum og fjáráukalögum frá 1. jan. sl. að telja, með því að vér búumst ekki við að Landsbankalögunum verði breytt á þessu þingi.

Reykjavík, marz 1921.

Virðingarfyllst

T i l

A l þ i n g i s 1921.